

**Nd.**

**255. Frumvarp**

til laga um eignarnám á Nikulásarkeri í Norðurá.

Flutningsmaður: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Laxveiðafjelagi Norðurár í Mýrasýslu er heimilt að taka eignarnámi Nikulásarker í Norðurá í sömu sýslu, ef ekki getur orðið samkomulag um kaupin.

2. gr.

Óheimilt er nefndu laxveiðafjelagi, eftir að ker þetta er orðin eign þess, að selja það einstökum mönnum og sömuleiðis að láta stunda þar ádráttarveiði. Ef fjelagið verður lagt niður, hverfa ráðin yfir Nikulásarkeri undir sýslunefnd Mýrasýslu.

### 3. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61, 14. nóv. 1917.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Laxveiðafjelags Norðurár, sem er fjelag veiðibænda meðfram Norðurá og upprekstrarfjelag Pverárhliðar. Er þeim mikil nauðsyn á að fá ker þetta friðað, eins og umsögn sú, sem prentuð er hjer sem fylgiskjal á eftir, frá fiskivatnaráðunaut Pálma Hannessyni, ber með sjer.

Nikulásarker er eign Stafholtskirkju, og þar sem fjelaginu hefir ekki tekist að ná samkomulagi við eiganda nefnds kers (prestinn í Stafholti), þá hafa þeir orðið að hverfa til þess ráðs, að biðja um eignarnámsheimild sjer til handa, til þess að geta komið fram þessu mikla nauðsynjamáli þeirra, að fá full umráð yfir kerinu.

#### Fylgiskjal.

Á þessu sumri hefi jeg rannsakað Norðurá í Borgarfirði, og þó einkum fossana Laxfoss og Glanna, með því að í ráði er að gera fossa þessa laxgenga. Jeg tel engan efa á því, að kostir árinna sem laxvatns mundu stórum aukast, ef þetta væri framkvæmt, en augljóst er, að það muni hafa mikinn kostnað í för með sjer, einkum ef gera ætti fullkominn fiskiveg í Laxfoss.

Nú hagar þannig til, að Glanni er með öllu ógengur laxi, og er því óhjákvæmilegt að sprengja hann, ef leiða á laxinn lengra upp eftir ánni. En um Laxfoss er það að segja, að þó að hann sje mikil hindrun á göngu laxins, er hann þó engan veginn ógengur. En þar sem kostnaðarsamara verður að gera fiskiveg í hann, tel jeg ráðlegt að sprengja Glanna svo fljótt sem unt er, en friða Laxfoss um sinn, og sjá hvort laxinn gengur þá ekki upp ána.

Laxfoss er þrískiftur, og svo segja kunnugir, og staðhættir benda á að það sje rjett, að laxinn gangi einkum eftir miðfossinum, en undir þessum fossi er hamrabyllur einn, er nefnist Nikulásarker, og hefir á undanfórnum árum verið stunduð þar laxveiði með lagnetum. Þar sem laxinn mun leggja leið sína um ker þetta, er hann rennur um fossinn, er enginn efi á því, að lagnetin hindra mjög að laxinn leiti á fossinn.

Jeg tel því nauðsynlegt að friða Nikulásarker fyrir allri veiði, en einkum allri netaveiði. Að gefnu tilefni skal þess einnig getið, að jeg telji rjett að friða ker þetta nú þegar, enda þótt Glanni sje ekki enn þá laxgengur, því að komist laxinn óhindrað upp fyrir Laxfoss og hrygni þar, þá munu þeir laxar, sem alast upp ofan við Laxfoss, leita þangað aftur, er þeir hafa náð kynþroska.

Reykjavík, 8. október 1927.

Pálmi Hannesson.